

## Halldór Karl Hermannsson

---

**From:** Halldór Karl Hermannsson  
**Sent:** þriðjudagur, 9. júlí 2019 13:52  
**To:** Sigruna@umhverfisstofnun.is; olafurj@umhverfisstofnun.is  
**Cc:** Ásbjörn Jónsson; bryndis@vso.is; th@skn.is; asmundur@hes.is; dadi@hringras.is  
**Subject:** Togarinn Orlik í Njarðvíkurhöfn

Sæl Sigrún.

Í framhaldi af fundi fulltrúa Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, Reykjaneshafnar/Reykjanesbær, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Verkfræðistofunnar VSÓ, Hringrásar og Umhverfisstofnunar föstudaginn 5. júlí s.l. kl. 10:30 á Umhverfisstofnun vil ég sem hafnarstjórn Reykjaneshafnar taka eftirfarandi fram:

Togarinn Orlik hefur legið við bryggju í Njarðvíkurhöfn frá haustdögum 2014. Á þeim tíma stóð til að fá leyfi viðkomandi aðila til þess að rífa skipið í fjörunni inni í Helguvíkurhöfn eins og gert var við gamla varðskipið Þór og skipið Fernöndu á sínum tíma en það leyfi fékkst ekki.

Undirritaður tók við starfi hanarstjóra Reykjaneshafnar 1. júní 2015 og hef ég haft frá fyrsta degi áhyggjur af ástandi skipsins, en ástand þess á þeim tíma var ekki gott og hefur aðeins versnað. Einnig hafa áhyggjurnar snúið að því álagi sem viðlegan veldur viðkomandi hafnarmannvirkjum, en mikið álag er á þeim þegar þetta stóra skip rífur í landfestar eða skellur á viðlegukantinum í misjöfnum veðrum. Þess má geta að viðkomandi hafnarmannvirki er 40 ára gamalt steinker sem hvílir á sjávarbotninn sem erfitt getur verið að lagfæra ef skemmdir verða.

Ýmislegt hefur gengið á varðandi skipið undanfarin ár. Sumarið 2017 var skipið nærri sokkið við bryggju þegar gat kom á það neðansjávar en á síðustu stundu tókst að bjarga málum. Viðkomandi gat reyndist á einum af botntönkum skipsins og tókst að loka því með bráðabyrgaraðgerðum. Staðan á þeirri viðgerð er óþekkt í dag sem og staðan á öðrum byrðingi neðansjávar en leiða má líkur að því að ástandið hafi ekki skánað á liðnum árum.

Síðasta sumar létu eigendur skipsins gera úttekt á skipinu með hliðsjón af því hvort skipið þylði drátt yfir úthafið. Samkvæmt þeirri úttekt var ástand skipsins ekki gott og byrðingur víða það þunnur að hann var varhugaverð. Samkvæmt því eru líkindi til þess að skipið sökkvi verði lagt í það að draga það lengri eða skemmri leiðir.

Fyrir nokkrum dögum tóku starfsmenn Reykjaneshafnar eftir því að ryðgöt voru komin á byrðingi skipsins ofansjávar. Við nánari athugun kom í ljós að byrðingurinn kringum götin var afskaplega þunnur og víðar í sömu línu út frá viðkomandi götunum vísbendingar um sambærilegt ástand. Staðsetning á götunum er í þeirri línu sem áður var sjávarlína skipsins meðan það var í rekstri.

Ástand togarans Orliks er orðið mjög alvarlegt og eru líkurnar til þess að skipið sökkvi við bryggju með meðfylgjandi áhættu á mengun í nærumhverfi og skemmdum á hafnarmannvirkjum orðnar óásættanlegt. Tímalegt svigrúm til athafna er mjög takmarkað, jafnvel aðeins nokkrir dagar. Lausn verður að liggja fyrir áður en haustlægðirnar byrja að herja á skipið. Fyrir liggur að dráttur á skipinu er mjög áhættusamt og raunhæfast að leita lausna í nærumhverfinu. Þar er sú lausn sem kynnt hefur verið með aðkomu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur raunhæfastar að mati Reykjaneshafnar.

Til áréttingar - það er til staðar neyðarástand - aðgerða er þörf.

Með von um jákvæð og skjót viðbrögð varðandi framgang mála,

Halldór K Hermannsson,

hafnarstjóri Reykjaneshafnar.